

## Kynningarfundur um nýtt deiliskipulag í Hraununum – vestur

Hafnarborg, fimmtudaginn 16. júní 2016

Umhverfis- og skipulagsþjónusta Hafnarfjarðarbæjar efndi til kynningar um fyrirhugaða vinnu við deiliskipulagsgerð á reit, sem afmarkast af Fjarðarhrauni, Reykjavíkurvegi og Flatahrauni.

### Fundargerð

Kynningarfundurinn hófst kl. 17:00, um 25 manns mættu.

*Ólafur Ingi Tómasson*, formaður skipulags- og byggingarráðs Hafnarfjarðar bauð gesti velkomna og fór yfir helstu forsendur verkefnisins um endurbyggingu vestur Hrauna, sem á sínum tíma byggðist upp sem iðnaðarhverfi. Nú hafi bæjaryfirvöld í hyggju að reisa blandaða byggð fyrir léttan iðnað, þjónustu og íbúðir og þetta byggðina á hluta svæðisins, enda byggingar sumar hverjar illa farnar og landnýting léleg. Í inngangsorðum Ólafs Inga komu m.a. fram áherslur á mikilvægi samráðs og samstarfs við lóðarhafa, til stendur að mynda 3-5 manna starfshóp hagsmunaaðila/lóðarhafa á svæðinu til samráðs á meðan verkefnið stendur yfir. Hann kom inn á hugmyndafræði svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins sem byggir á samstarfi sveitarfélaganna þar, með áherslu á að íbúðabyggð vaxi inn í byggðina sem fyrir er og þéttingu byggðar meðfram samgönguási almenningsvagna/lesta, svokallaðrar Borgarlínu, sem áætlað er að fari um framhjá Hraununum í Hafnarfirði.

*Þormóður Sveinsson* skipulagsfulltrúi Hafnarfjarðar tók við og kynnti hugmyndir, forsendur og markmið sem liggja að baki áformum um nýtt skipulag Hraunanna – vestur með glærusýningu. Þormóður kynnti annars vegar skipulagslýsingu fyrir nýtt deiliskipulag vestur hluta Hraunanna, sem skipulags- og byggingarráð samþykkti nýverið og hins vegar samþykkt rammaskipulag fyrir svæðið frá 2008, sem skal liggja til grundvallar við skipulagsgerð fyrir svæðið. Þormóður gerði m.a. grein fyrir lagalegu umhverfi skipulagsgerðar þegar ráðist er í verkefni sem þetta, það sé ákveðið ferli sem þarf að fylgja sem tekur sinn tíma og mikilvægt að heildarskipulag liggi fyrir áður en hafist er handa við framkvæmdir. Í kynningunni komu m.a. fram hugmyndir um framtíðarsýn og meginmarkmið hins nýja deiliskipulags, þ.e. að þetta byggðina á svæðinu, auka gæði umhverfisins og breyta landnotkun að hluta úr athafnasvæði í blandaða byggð með fjölgun íbúða í samræmi við stefnu aðalskipulags Hafnarfjarðar 2013 – 2025. Glærुकynninguna má kynna sér á vefsvæði Hafnarfjarðar, [www.hafnarfjordur.is](http://www.hafnarfjordur.is).

Að kynningu lokinni var opnað fyrir umræður.

Margir tóku til máls og virtust fundarmenn almennt vera bæði áhugasamir og jákvæðir í garð þeirra áforma og hugmynda sem fram höfðu komið í kynningunni. Hér á eftir fylgja nokkrir minnispointar úr umræðunum:

- Bent á að nægt framboð sé af iðnaðarsvæðum í Hafnarfirði sem gætu tekið við þeim iðnaðarfyrirtækjum sem koma til með að víkja af svæðinu.
- Spurt hvort til stæðu svipuð áform um Hraunin – austur. Fram kom að mjög líklega myndi það svæði verða deiliskipulagt í kjölfar Hraunanna – vestur.
- Bent á um margt sambærilegt verkefni í Vogabyggð í Reykjavík, þar fór samráð við lóðarhafa of seint af stað.



## HAFNARFJÖRÐUR

- Bent var á að þeir sem komi til með að hagnast mest af endurbyggingu svæðisins séu lóðarhafar vegna mikillar verðmætaaukningar sem skapast við þéttingu byggðarinnar.
- Eigandi á svæðinu lýsti ánægju yfir áformum í Hraununum, vonaðist til að fjárfestar sæu sér hag í að kaupa landsvæði til uppbyggingar. Sagði hluta svæðisins vera í niðurníðslu.
- Bent á að í Reykjavík sé íbúðum úthlutað annars vegar til félagslega umhverfisins – hins vegar til útleigu. Fram kom að í Hafnarfirði hafi ekki verið tekin afstaða til þessa enn sem komið er.
- Spurt var um tímaramma verkefnisins. Í skipulagslýsingu kemur fram að til að byrja með verði nokkrir skipulagshönnuðir ráðnir til tillögugerðar um þróun og hugmyndir að uppbyggingu svæðisins, í kjölfarið verði ráðist í deiliskipulagsgerð. Ef allt gengur upp má reikna með að framkvæmdir gætu hafist um mitt næsta ár, en ferlið gæti tafist vegna ófyrirséðra þátta.
- Umferðarmál komu til tals, bent á að ákveðnir umferðarþættir séu í ólestri hvað varðar aðkomu og gatnamót. Tryggja þarf öryggi og vanda til í undirbúningi, einnig tryggja valkosti í samgöngumáta.
- Bent á að Hafnarfjörður standi vel gagnvart þéttingarverkefnum – bærinn sé vel settur með innviði, t.d. hvað varðar pláss í grunnskólum.

Ákveðið að setja glærukynningu ásamt fundargerð inn á vef bæjarins.

Kynningunni lauk um kl. 18.

Fundarmönnum gafst kostur á að skrá sig í áhugamannahóp um endurgerð byggðar í Hraunum – vestur. Listi var látinn ganga á milli manna í sal.

### Fundargerð ritaði

*Guðrún Guðmundsdóttir, arkitekt/skipulagsfræðingur  
Umhverfis- og skipulagsþjónusta*